# Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla Nóvember 2020 1. tbl. 12. árg

Hraunvallaskóli
VINÁTTA - SAMVINNA - ÁBYRGÐ

Heilsueflandi grunnskóli

**Skrifstofa Hraunvalla-skóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 16:00 og á föstudögum frá 7:45 til 15:00**

**Sími skólans er: 590-2800**

**Síminn í Hraunseli er: 590-2810**

Vinátta Samvinna Ábyrgð

Vinátta Samvinna Ábyrgð

## Frá skólastjóra grunnskóla!

Skólastarfið í Hraunvallaskóla hefur gengið vel þessar vikur sem við höfum verið á neyðarstigi almannavarna. Samstarf heimila og skóla er öflugt og við höfum öll sýnt mikla aðlögunarhæfni þegar kemur að breyttu skólastarfi. Ég vil því þakka ykkur fyrir frábært sam-starf og skilning á þeirri stöðu sem við erum í um þessar mundir. Því miður er aðgengi foreldrar skert að skólanum en foreldrar mega ekki koma inn í skóla nema í undantekningartilvikum, þ.e. ef skóli kallar á foreldra vegna veikinda eða annarra sérstakra aðstæðna hjá börnum þeirra. Mæting nemenda í skólann hefur verið góð og það er okkar upplifun að nemendur séu ánægðir með að mæta á hverjum degi, hitta félaga sína og kennarann sinn. Samband nemenda og kennara/starfsmanna er líka einstakt í Hraunvalla-skóla og vorum við að fá það staðfest enn og aftur núna í síðustu mælingu í Skólapúlsinum. Við erum með jákvæðan marktækan mun miðað við landið.

**VEL GERT! HRAUNVALLASKÓLI!** Við erum að reyna eftir fremsta megni að halda uppi fjölbreyttu og skemmtilegu skólastarfi þrátt fyrir þær takmarkanir sem við þurfum að starfa eftir. Eins og sést hér í Brosinu þá hefur okkur tekist vel upp það sem af er vetrar.

### Að lokum viljum við minna á tilmæli almannavarna til skóla:

- Mælst er til þess að nemendur með hita eða inflúensulík einkenni (hósti, þreyta,vöðva/bein/höfuðverkur) mæti **ekki** í skólann á meðan neyðarstig almannavarna er í gildi heldur stundi nám sitt að heiman eftir því sem kostur er.
- Ef nemandi eða starfsmaður sem verið hefur á hættusvæði mætir í skóla skal biðja viðkomandi að fara heim og virða tilmæli um sóttkví.
- Ef staðfest smit kemur upp hjá nemanda eða starfsmanni skóla skal biðja viðkomandi að fara heim hið fyrsta og fara í einangrun. Skólastjórnendur skulu síðan leita ráðgjafar um næstu skref í síma 1700.

**Það er mikilvægt að sýna samstöðu í því að hægja á útbreiðslu veirunnar.**

# Leikskólafréttir



Haustið hefur farið vel af stað hjá okkur í Hraunvalla-leikskóla. Það er skemmtilegur en jafnframt krefjandi tími í leikskólalífinu sem einkennist af aðlögun nýrra barna, börnum að flytjast milli deilda, starfsfólki að máta sig saman og leggja sig fram við að kynnast nýjum einstaklingum. Það er alltaf ánægjulegt að taka á móti nýjum einstaklingum og foreldrum þeirra og fá þar með tækifæri til að kynnast þeim.



Leikskólastarf er aðeins breytt núna þegar takmakarnir eru í gangi í þjóðfélaginu vegna covid. Nú tökum við á móti börnum við útidyrahurðina og skilum þeim úti ef veður leyfir. Nánast engir utanaðkomandi koma inn í leikskólann. Hver deild heldur sig á sinni deild og engin blöndun er í húsinu þannig að t.d. aðeins Höfðabörnin fá aðgang að salnum vegna þess að þau þurfa að ganga í gegnum hann þegar þau fara inn á deild. Ýmsir þættir í starfinu falla niður og má þar t.d. nefna sameiginlegar söngstundir.

# Hreinlætistilraun

Það eru furðulegir tímar sem við lifum þessa dagana og mikið talað um hreinlæti og sóttvarnir. 8. bekkur gerði skemmtilega og jafnframt afar forvitnilega tilraun nú í haust. Hann sýndi fram á að handþvottur og sprittun skipta aldeilis miklu máli. Prófað var t.d. að nudda brauði á borð, á ipad og sleikja það til þess að sjá hvað gerðist. Forvitnilegt var að nota umhverfið í kring um okkur til að sjá hvar er mikið af bakteríum og öðrum örverum. Ef myndin prentast ekki nógu vel þá er brauð nr. 1 alveg hreint brauð, nr. 2 er óþvegnar hendur, nr. 3 er sprittaðar hendur, nr. 4 er þvegnar hendur, nr. 5 er brauð nuddað á ipad, nr. 6 er sleikt brauð og nr. 7 er brauð nuddað á borð. Skemmtileg tilraun og umhugsunarverð.

# Umferðarreglurnar




6. bekkur var á dögunum að læra meira um umferðarreglurnar. Ekki veitir af enda nóg af merkjum og allskonar skiltum útum allt sem eru að reyna að segja okkur hvernig við eigum að haga okkur í umferðinni. Krakkarnir voru mjög áhugasöm og lærðu heilmikið á að skoða og búa til merkin. Flottir og efnilegir krakkar

þarna á ferðinni. Krakkarnir vildu svo koma eftirfarandi skilaboðum á framfæri til okkar allra. **Það er ekki nóg að kunna umferðarreglurnar, það þarf að fara eftir þeim líka!**

Góð og mjög svo nauðsynleg skilaboð!

# Nóg um að vera

Fyrirkomulagið á aldursdreifingu barna í leikskólanum er þannig að yngstu börnin eru á Haga, næst yngstu börnin á Holti, næst elstu börnin á Hóli og elstu börnin á Höfða. Við byrjuðum formlegt hópastarf 14. september þar sem áherslan er að vinna með íslensku, stærðfræði og útikennslu. Lagt er inn eitt málhljóð í hverri viku og samhliða er unnið með orð vikunnar sem byrjar á málhljóðinu. Í leikskólanum er unnið með SMT skólafærni þar sem börnin læra skýrar og einfaldar reglur og safna SMT-brosum. Að lokum er haldin brosveisla í tilefni þess að þau hafa staðið sig vel í að læra reglurnar.

Sandra Hinic leikskólakennari er með skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku fyrir allar deildir nema allra yngstu börnin þar sem þau eru enn að læra á leikskólalífið. Þessar stundir liggja niðri núna vegna þess að börn og starfsfólk mega ekki fara á milli svæða. Börnunum finnst þetta skemmtilegar stundir þar sem þau eru að æfa jafnvægi, nákvæmni, þol, liðleika, úthald, grípa, kasta, fara eftir reglum, hlusta o.fl.

# Bókasafnið okkar

Eins og margoft hefur komið fram hér í Brosinu okkar á síðustu árum þá eigum við í Hraunvallaskóla ótrúlega gott bókasafn. Fyrir utan allar þær bækur, spil og annað sem á bókasöfnum finnst þá er það afskaplega lifandi. Á hverju ári eru margskonar og mjög svo fjölbreyttir viðburðir sem svo

sannarlega vekja athygli nemenda okkar. Þótt þetta haust hafi verið afar sérstakt eins og allir vita hefur ýmislegt verið brallað á bókasafninu það sem af er. Eins og fram kemur annarsstaðar hér í blaðinu tók bókasafnið þátt í hrekkja-vökunni og Bleika deginum. En fyrir utan það var dagur sem kallaðist Bók og bíó þar sem athyglin snerist að bókum sem búið er að gera kvikmynd uppúr. Svo var að sjálfsögðu okkar árlegi Sjóræningjadagur en þá snýst allt um sjóræningja og það sem tengist þeim. Ótrúlega gaman eins og myndirnar sýna.

# Bleikur dagur !!



Þann 16. október var Bleiki dagurinn haldinn hátíðlegur hér í skólanum sem og víða annarsstaðar í þjóðfélaginu. Er hann til að vekja athygli því verðuga starfi sem fram fer í Krabbameins-félaginu og að sjálfsögðu tökum við í Hraunvallaskóla þátt og styðjum við málefnið. Þar sem þessir fordæmalausu tíma gerðu okkur ekki kleift að vera með sameiginlegt hlaðborð eða neitt sem

krafðist þess að fólk safnist saman, voru allir hvattir til að gera eitthvað á sínum svæðum og brjóta upp daginn.

Starfsfólk og nemendur voru hvattir til að mæta í bleiku og til að skreyta svæðin sín eða gera eitt-

hvað skemmtilegt í tilefni dagsins. Það var sérstaklega gaman að sjá hve góð þátttaka var í unglingadeild þetta árið. Allir voru til fyrirmyndar og gaman að sjá hve margir voru að

taka þátt. Margir fóru alla leið og aðrir aðeins styttra en það er einmitt það sem gerir þetta svo gaman.

Gleði og menningarteymið sá svo um að velja bleikasta bekkinn, starfs-

manninn og bleikasta svæðið og voru veitt verðlaun fyrir. Berglind textílkennari var bleikasti kennarinn, 5. bekkur var bleikasti bekkurinn og fengu svo ritarar og bókasafnið verðlaun fyrir bleikasta svæðið.

# Við erum

# FRÁBÆR

# Hrekkjavaka í skólanum

Sú skemmtilega hefð hefur skapast hér í skólanum að halda aðeins uppá hrekkjavöku. Þá sjást allskonar furðuverur og fígúrur um allan skóla og það er ekki laust við að sumir verði hálf smeykir. En frábær þátttaka var að þessu sinni og verðlaunaði Gleði– og menningarteymi skólans fyrir bestu búninga. Natalía Ósk í 2. bekk fékk verðlaun fyrir besta búninginn þó að margir nemendur hafi verið mjög flottir og skelfilegir. Neringa hreppti svo verðlaun fyrir besta búning meðal starfsmanna. Það var hins vegar erfitt að velja og hefði teymið viljað hafa fleiri verðlaun til að gefa. Kannski verða verðlaun í hverjum árgangi á næsta ári... og nokkur fyrir starfsmenn.

# Söfnun birkifræja

Krakkar hér í unglingadeildinni röltu hér um skólalóðina og nágrennið á haustdögum og tíndu til öll þau birkifræ sem fyrir þeim urðu. Verkefnið var ekki bara til

að afla sér þekkingar á undraheimi náttúrufræðinnar heldur einnig að safna fræjum og gefa. Tilefnið var landsöfnun sem Skógræktin og Landgræðslan stóðu fyrir. Var óskað eftir stuðningi landsmanna við að breiða út birkiskóga landsins. Okkar fólk lét ekki sitt eftir liggja og söfnuðu tveimur kössum fullum af fræjum og gáfu í söfnunina. Glæsilegt hjá okkar fólki.



# Tæknidagar

í október voru skipulagðir tæknidagar í öllum deildum Hraunvallaskóla. Markmiðið var að allir árgangar fengju tækifæri til að vinna spennandi verkefni tengd tækni og kynna sér eitthvað nýtt og spennandi í þeim efnum undir leiðsögn kennara sinna. Hjá yngri og miðdeild voru settar upp stöðvar með fjölbreyttum tækniverkefnum sem tengdust mörgum námsgreinum auk þess að þjálfa samvinnu og tækniþekkingu. Yngri deildin vann t.d. með forritun og þrívídd. Nemendur unnu með tæknilego þar sem hægt var að byggja

róbota og forrita þá til að gera ákveðna hluti. Margir fengu að prufa Blue Bot mýs sem hægt er að forrita. Einnig var Osmo mikið notað, en það eru leikir sem þjálfa stærðfræði, fínhreyfingar, teikningu, lausnaleit, rýmisgreind, forritun, mál o.fl. gegnum leik. Nemendur skoðuðu þrívíddar bækur þar sem smáforrit eru notuð til að skoða skordýr, himingeiminn og fleira í þvívídd. Í 1.bekk sló smáforritið Quivervision í gegn en þar lifna við myndir sem krakkarnir hafa litað sjálfir. Miðdeild vann einnig með forritun t.d. með Dash og Dot sem eru róbotar sem nemendur geta forritað og Ozobot þar sem unnið er með forritun, lausnaleit og samvinnu. Margir fengu að skoða Virtual tee en það er stuttermabolur með kóða þrykktan á. Einn fer í bolinn en hinir nota ipadinn til að skoða inn í líkamann í þrívídd. Hægt er að skoða helstu líffæri, beinagrind og vöðva. Einnig var unnið með VR gleraugu en með þeim er hægt að fara í ferðalög í sýndarveruleika t.d. á söfn eða fræga staði og skoða sig um. Osmo kom við sögu ásamt fjölbreyttum smáforritum í stöðvavinnunni. Unglingadeildin vann með ýmiskonar tækni tengd mismunandi námsgreinum og unnið m.a. með Break Out og Stop Motion í ensku, OSMO í dönsku, IMOVIE, Educreation og Clips í stærðfræði og Kahoot tengt skoðun á náttúrunni í smásjá í náttúrufræði. Dagarnir voru vel heppnaðir í alla staði og gott innlegg til að styrkja markmiðið okkar um fjölbreytta kennsluhætti.



# Meira frá hrekkjavöku

Það voru ekki bara hræðilegar fígúrur og furðuverur sem vöktu athygli þennan skemmtilega dag. Svæði skólans voru skreytt í þessu tilefni og voru mörg þeirra ótrúlega flott og lagt mikill metnaður til verksins. Bóka-safnið, ritarabúrið, Glymur og mörg önnur svæði fóru í ,,hræðilegan“ búning og vöktu verðskuldaða athygli.



# Ólympíuhlaup ÍSÍ

Það voru hressir og brosandi krakkar sem tóku þátt í árlegu Ólympíuhlaupi ÍSÍ seinni hlutann í september. Nemendur létu blautt veður ekki á sig fá og hlupu eða gengu vasklega merktan hring um skólahverfið. Allir nemendur fóru í það minnsta einn hring og margir kusu að fara fleiri. Eftir því sem leið á hlaupið batnaði líka veðrið og allir komu glaðir aftur í hús til að halda áfram með verkefnin sín.

# Enn meira frá leikskóla

Öll elstu börnin hafa farið gegnum HLJÓM-2 sem er próf í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund barna. Markmið með HLJÓM-2 er að finna börn sem gætu átt í erfiðleikum með að takast á við væntanlegt lestrarnám. Sólveig sérkennslustjóri tók prófin og skilar niðurstöðum til foreldra.

Deildirnar hafa verið duglegar að fara í vettvangsferðir og hafa m.a. tínt laufblöð sem hafa verið notuð til að föndra með. Bleiki dagurinn var tekinn með trompi og börnin bjuggu til bleiku slaufuna og bleika fugla.

Íþróttadagurinn var með aðeins breyttu sniði en hver deild setti upp íþróttabraut inni á sinni deild en áætlað var að fara í íþrótta-húsið sem má því miður ekki vegna ástandsins.

Á dögunum vorum við með Hrekkjavöku hér í leikskólanum en krakkarnir voru búnir að bíða spenntir eftir henni. Heppnaðist hún vel og mátti sjá ýmsar furðuverur víðs vegar um leikskólann.

Það sem gerir leikskólastarfið skemmtilegt er að allir dagar eru stútfullir af uppá-komum og enginn dagur er eins eins.



# VERUM ÁVALLT

# JÁKVÆÐ

# OG HVETJANDI !!

**Brosið**

Fréttablað Hraunvallaskóla

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

**Ritstjóri**: Karl Pálsson

**Ábyrgðarmenn:** Lars Jóhann Imsland og Guðbjörg Hjaltadóttir

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is